

„Það var bara yfir eina götu að fara“

Reynsla mæðra barna með þroskahömlun af
skólagöngu þeirra

Opinber menntastefna

- Samkvæmt núgildandi lögum eiga öll börn rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla (Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 17. gr.)
- Stefna stjórnvalda tekur mið af hugmyndum um skóla án aðgreiningar (Ferguson, 1995)
- Markmið grunnskóla er að veita öllum börnum almenna menntun sem stuðlar að alhliða þroska þeirra og virkri þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi (Aðalnámskrá grunnskóla 2011)

Rannsóknarspurningar

- Hver er reynsla mæðra barna með þroskahömlun, sem byrjað hafa grunnskólagöngu sína í almennum skóla og verið flutt yfir í sérskóla og sérdeild, af skólagöngu barna þeirra og hvernig hafa þær brugðist við henni?
- Hvers vegna tóku mæðurnar ákvörðun um að flytja börnin yfir í sérskóla og sérdeild?
- Hvað fannst mæðrunum um þá úrlausn sem börn þeirra fengu í sérskólanum og sérdeildinni?

Fræðilegur bakgrunnur

- Félagslegar mótunarkenningar (social constructionism) (Berger og Luckmann, 1966)
- Kenningar um félagsauð (social capital)
- Sjónarhorn á fötlun
 - Læknisfræðilegt sjónarhorn
 - Félagsleg sjónarhorn og nálgun fötlunarfræðinnar
- Félagsmótun barna (Frønes, 1994)
 - Grundvöllur þess að taka þátt í lýðræðissamfélagi
 - Skólinn gegnir veigamiklu hlutverki

Aðferðir

- Eigindleg rannsókn
 - Fyrirbærafræðileg nálgun leitast við að skilja reynslu fólks af tilteknum fyrirbærum
- Viðtöl við fimm mæður barna með þroskahömlun
 - Börnin voru á aldrinum 14 – 18 ára, tvær stúlkur voru í grunnskóla (sérskóla) og þrjú barnanna að hefja nám eða voru í framhaldsskóla
- Grunduð kenning (grounded theory)
 - Að þróa á kerfisbuninn hátt kenningu um tiltekin félagsleg fyrirbæri út frá lýsingu viðmælanda á reynslu sinni af þeim (Glaser og Strauss, 1967)

Helstu niðurstöður – Almenni skólinn

- Skólagangan gekk vel fyrstu tvö til fjögur árin og jafnvel lengur
 - Vel var tekið á móti börnunum og undirbúningur var fyrir skólagönguna
 - Börnin fengu góðan stuðning og samvinna var meðal starfsfólks
- Í þriðja til sjöunda bekk fóru mæðurnar að íhuga að flytja börnin úr almenna skólanum
 - Börnin höfðu fjarlægst skólafélaga sína og einangrast og fundu til vanlíðunar
 - Faglegur stuðningur og samvinna starfsfólks hafði fjaraði út
- Almenni skólinn brást börnunum með því að gefa þeim ekki tækifæri til að taka þátt í skólastarfinu

Vanlíðan barnanna

„Hann fór að draga sig í hlé og vildi ekki fara fram og hitta skólafélaga sína. Vildi helst bara vera með kennaranum sínum ... og dvelja inn í herbergi” (Halldóra)

„Hávaðinn! Erillinn! Gekk illa... Þetta var komið í strand. Hún fór að mála sig út í horn með alls konar hegðun og vanlíðan í umhverfinu” (Anna)

„Hún var farin að taka köst og kannski að stríða hinum krökkunum ... Ekki það auðvitað voru hinir að stríða henni líka” (Sigurborg)

„Það gerðist ýmislegt úti á skólalóðinni [...] hún var brotinn gjörsamlega niður og upp frá þessu talaði hún ekki í eitt og hálf ári” (Rósa)

„Þegar þetta gerðist var bara öllum hurðum skellt á okkur” (Rósa)

Einangrun barnanna

„...hann (leiðbeinandinn) var bara að gera það sem hann hafði áhuga á og Björn var þarna á sínum forsendum [...] þetta var lítið herbergi, það var loftlaust og dregið fyrir glugga“ (Halldóra).

„Hann var farinn að vera að mestu inni í sinni einkastofu þar sem hann vildi helst vera í rólegheitum [...] það var svona útskot eða smá herbergi út frá kennslustofunni“ (Lára)

„... það var meira og meira bara hún ein með kennaranum inni í þessari litlu skrifstofu [...] svona pínulítill stofa, ekki heil skólastofa, heldur lítil skrifstofa“ (Sigurborg).


„Þetta var bara orðið nalgalakk og dúll og svona einhverjar tíma uppfyllingar“ (Anna)

Helstu niðurstöður – Sérskólinn og sérdeildin

- Mæðurnar töldu börnin fá betri þjónustu
- Meiri áhersla var lögð á félagsleg samskipti
- Börnin tóku meiri þátt í skólastarfinu og leið betur
- Mæðurnar fundu til léttis og gátu betur stundað vinnu
 - „Það var sama hvað kom upp á ... þau leystu það“
 - „Ég þurfti ekki lengur að vera með stanslausar áhyggjur ...“
 - „... henni bara leið betur þar ...“
 - „Þau voru öll góðir vinir ... það var fermingarfræðsla ...“
- ... en aðskilin frá ófötluðum jafnöldrum sínum ...

Umræður

- Almenni skólinn þarf að
 - Skapa rými fyrir börnin svo að þau geti tekið virkan þátt í skólastarfinu með því að endurskoða starfshætti sína
 - Nýta sér reynslu mæðranna og stuðla verður að gagnkvæmum skilningi til að leita að farsælum lausnum varðandi skólagöngu barnanna
 - Gefa börnunum tækifæri til félagslegra samskipta við jafnaldra sína og kenna þeim að öðlast þá hæfni
- Sérskólar og sérdeildir verða að efla börnin til þátttöku í samfélaginu svo að þau einangrist ekki innan tiltekins menningarkima
- Hvað þarf til að til að skapa réttlátt samfélag þar sem allir geta tekið þátt?



Takk fyrir